

Mætum öll

Búskapur er okkar fag

Ágætu félagsmenn í Bændasamtökum Íslands

Miklar breytingar hafa orðið á okkar atvinnugrein síðustu misseri og þróunin er hröð. Árið 2017 var fyrsta ár nýrra búvörusamninga en verðþróun á afurðum var ekki öllum bændum hagstæð. Fram undan er fyrri endurskoðun samninganna og fjölmargar áskoranir bíða bænda á markaði. Ferðamannafjöldi mun ná nýjum hæðum á árinu og fleiri munna þarf að metta. Innflutningur á mat hefur aukist og blikur eru á lofti vegna nýlegs dóms EFTA-dómstólsins um innflutning á hráu kjöti og eggjum. En tækifærin eru mýmörg og það er okkar að grípa þau.

Það er mikilvægt fyrir bændastéttina að hún standi saman og að rödd okkar hljómi sem víðast og sterkast. Við verðum að gæta hagsmuna landbúnaðarins og þess vegna rekum við öflug Bændasamtök.

Til þess að ræða við bændur fer forystufólk BÍ í fundiferð um landið í næstu viku. Fulltrúar frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins verða með í för og ræða meðal annars um framtíðarsýn fyrirtækisins, fagmennsku í greininni og þróun ráðgjafarþjónustu.

Allir félagsmenn í Bændasamtökunum eru velkomnir á bændafundina.

Sindri Sigurgeirsson, formaður BÍ



Bændafundir um miðjan janúar

Fundarstaður	Dags.		Tími	Svæði
Hótel Ísafjörður	16. janúar	þriðjudagur	12.00	Ísafjörður
Fjallalamb	16. janúar	þriðjudagur	12.00	Kópasker
Hótel Icelandair	16. janúar	þriðjudagur	12.00	Egilsstaðir
Ásgarður	16. janúar	þriðjudagur	20.30	Kjós
Breiðamýri	16. janúar	þriðjudagur	20.30	S-Þingeyjarsýsla
Karlsstaðir	16. janúar	þriðjudagur	20.30	Berufjörður
Félagsheimilið Blönduósi	17. janúar	miðvikudagur	12.00	Blönduós
Hlíðarbær	17. janúar	miðvikudagur	12.00	Eyjafjörður
Mánagarður	17. janúar	miðvikudagur	12.00	Hornafjörður
Langamýri	17. janúar	miðvikudagur	20.30	Skagafjörður
Sævangur	17. janúar	miðvikudagur	20.30	Strandir
Kirkjuhvoll	17. janúar	miðvikudagur	20.30	Kirkjubæjarklaustur
Breiðablik	18. janúar	fimmtudagur	12.00	Snæfellsnes
Heimaland	18. janúar	fimmtudagur	12.00	Rangárvallasýsla
Birkimelur	18. janúar	fimmtudagur	12.00	Barðaströnd
Dalabúð	18. janúar	fimmtudagur	20.30	Dalir
Landbúnaðarháskólinn	18. janúar	fimmtudagur	20.30	Hvanneyri
Þingborg	18. janúar	fimmtudagur	20.30	Árnessýsla

Bændasamtök Íslands eru málsvari bænda og vinna að framförum og hagsæld í landbúnaði. Þau veita félagsmönnum sínum margvíslega þjónustu og beita sér fyrir betri kjörum bænda á öllum sviðum. Samtökin sinna fjölbreyttum verkefnum sem bæta hag bænda, þróa forrit og reka gagnagrunna, gefa út Bændablaðið og sinna almannatengslum, annast samningagerð fyrir hönd bænda og móta stefnu í málefnum þeirra með lýðræðislegum hætti. Nánari upplýsingar um starfsemi BÍ er að finna á vef samtakanna, www.bondi.is



Fyrir okkur öll